



Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafrarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 15. apríl 2016
Tilv.: VEL15100221/05.53.02

Efni: Efni Hjúkrunarheimilið Ísafold


Velferðarráðuneytið vísar til fyrri samskipta vegna óska Garðabæjar um að ríkið yfirtaki rekstur hjúkrunarheimilisins Ísafoldar og biðst velvirðingar á töfum á svörum frá ráðuneytinu.

Velferðarráðuneytið vill koma því á framfæri að allar breytingar á samningi um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Garðabæ, undirritaður 14. maí 2010, þarf að gera með samþykki fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Ráðuneytið hefur því miður ekki fjárheimildir til bæta hækka daggjöld hjúkrunarheimilisins Ísafoldar né heimildir til að taka yfir rekstur heimilisins.

Þann 18. mars síðastliðinn samþykkti ríkisstjórnin að fela heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra að vinnan að því að finna leiðir til að styrkja fjárhag hjúkrunarheimila. Ráðuneytið bindur miklar vonir við þá vinnu og vonar að hún muni skila farsælli lausn. Í ljósi þess að þeirri vinnu er ekki að fullu lokið telur velferðarráðuneytið eðlilegt að beðið verði með frekari viðræður þar til sú niðurstaða liggur fyrir.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Vilborg Ingólfssdóttir


Guðlín Steinsdóttir

Ljósrit: Ásgeir Þór Árnason, hrl. lögmaður,
Lögmál ehf., Skólavörðustíg 12,
101 Reykjavík